

# Alþjóða-heimskautaárin tvö og rannsóknastöðin við Snæfellsjökul 1932-33

Leó Kristjánsson

Science Institute, University of Iceland


Trausti Jónsson

Icelandic Meteorological Office

## AÐDRAGANDI FYRSTA ALÞJÓÐA-HEIMSKAUTAÁRSINS 1882-83

Eftir að Napóleonsstyrjöldum lauk (1815) var mjög mikill áhugi á landkönnun, ekki síst hvað varðaði heimskautasvæðin. Þessi áhugi, sem óneitanlega bar

keim af kapphlaupi, beindist meðal annars að því að finna og kortleggja ný lönd og siglingaleiðir. Oft voru landkönnunarleiðangrarnir farnir á herskipum og ávallt voru þeir mjög kostnaðarsamir, en ýmsir þó misheppnaðir. Nokkrar vísindarannsóknir voru framkvæmdar í þessum leiðöngurum, en mættu iðulega



Mynd 1. Á þessu korti sést hvernig sumir veðurfræðingar hugsuðu sér að miðja einskonar dælukerfis fyrir loftmassa Norður-Atlantshafssvæðisins lægi við Ísland (úr Defant 1917).

– Some meteorologists considered the large annual variations in mean barometric pressure near Iceland to be important for weather conditions over a large area including Northern Europe.